

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skagafirði.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi – Lækjarbakki og Lækjarbrekka, íbúðarbyggð, Steinsstöðum.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 38. fundi sínum 14. maí 2025, óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir Lækjarbakka og Lækjarbrekku, íbúðarbyggð, Steinsstöðum, í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Byggingarreitur á lóð Lækjarbakka 6 stækkar um 2 m til norðurs. Lóðarstærð Lækjarbakka 8 er leiðrétt, skv. afmörkun, í 977 m². Á lóð Lækjarbakka 6 verður 484 m² byggingarreitur, 22 m á alla kanta. Á milli lóða nr. 4 og 6 við Lækjarbakka liggja stofnlagnir fráveitu undir gönguleið.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 30. janúar 2026.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 2. febrúar 2026